



Fundargerð 6. stjórnarfundar AKÍS 2024-2025

Staður og tími: Zoom 7. maí 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Jón Þór Jónsson (JPJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Páll Jónsson (PJ), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Baldvin Hansson (BH)

Mættir varamenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Valdemar Johnsen (VJ),

HKS ritaði fundargerð.

1. Styrktarumsóknir

Alls bárust sautján styrktarumsóknir. Fimm til barna og unglingsstarfs. Tólf til tækja og uppbyggingar.

Stjórn samþykkir að halda vinnufund þriðjudaginn 14 maí til að fara yfir umsóknir og ákveða hverjar hljóta styrkveitingu.

2. Keppnisráð AKÍS

Farið var yfir tilnefningar frá aðildarfélögum í keppnisráð.

Stjórn hefur skipað fulltrúa fyrir hönd sambandsins í keppnisráð. Starfsmanni er falið að uppfæra upplýsingar um keppnisráð á heimasíðu sambandsins ásamt að senda skipunarbréf á þá aðila sem AKÍS hefur skipað.

3. Keppnisgjöld - Erindi frá Sigurði

Hugmynd kom frá SIS hvort það væri hægt að samræma keppnisgjöld fyrir allar keppnisgreinar. Keppnisgjöld eru ákvörðun keppnishaldara.

4. Lokahóf AKÍS

Komin eru verðtilboð frá nokkrum veisluþjónustum á Akureyri. Lagt er til að skipuð verði nefnd til að undirbúa lokahófið.

Stjórn samþykkir að Jón Þór, Helga og Halldór sjái um undirbúning lokahófs.

5. Ógreiddar kröfur

Enn eru ógreidd alþjóðleg keppnisskírteini hjá tveimur keppendum þrátt fyrir ítrekanir.



Viðkomandi verður send bankakrafa.

6. Erindi barst til AKÍS

Erindi barst til stjórnar varðandi persónulegan öryggisfatnað keppenda. Þar sem er spurt hvar sé hægt að finna upplýsingar á heimasíðu AKÍS. Einnig hvort að sambandið ætli að fara eftir þeim stöðulum sem eru í alþjóðlegum keppnum erlendis.

Stjórn beinir erindi varðandi öryggisbúnað til keppnisráða að skoða hvernig reglurnar eru skrifaðar og hvort megi leiðbeina betur. Keppnisráðum er bent á að leita til öryggisráðs eftir ráðgjöf og leiðbeiningum.

7. FIA Styrkur

AKÍS hefur sent inn umsókn til FIA um styrkveitingu að halda Norðurlandamót í Hermiakstri hér á Íslandi næsta ár.

8. Símtal frá Ingimundi

Beiðni hefur borist frá Kvartmíluklúbbnum um að stjórn AKÍS samþykki að í spyrnugreinum þar sem hjól og sleðar eru að þeir tilheyri AKÍS í stað MSÍ þar sem þeir eru að keyra eftir reglum AKÍS og eru að skrá sig til keppni og borga keppnisgjöld í gegnum mótakerfi AKÍS. Ásamt því að vera krýndir Íslandsmeistarar hjá AKÍS.

- JÞJ leggur til að málið verði rætt við MSÍ á þeim nótum að athugað verði hvort að ekki fáiast leyfi MSÍ fyrir því að AKÍS megi krýna Íslandsmeistara í þeim flokkum spyrnugreina þar sem að ökutæki á færri en 4 hjólum taki þátt samhliða bílum.

Stjórn samþykkir að fela formanni að taka símtalið við MSÍ og sjá hvort að hjól og sleðar myndu tilheyra AKÍS.

9. Önnur mál

- Bílaklúbbur Akureyrar á 50 ára afmæli þann 27 maí. Starfsmaður vill leggja til að búin verði til platti til afhendingar vegna afmælis. Einnig á Akstursíþróttafélag Suðurnesja 25 ára afmæli þann 16. desember. - stjórn samþykkt tillögu starfsmanns.
- Samkvæmt grein 3.3.1 í reglum um kjör akstursíþróttafólks ársins skal upplýsa opinberlega hverjir sátu í þessari nefnd. Í valnefnd 2023 sátu Baldur Gíslason, Linda Dögg Jóhannsdóttir, Hrefna Björnsdóttir, Helga Katrín Stefánsdóttir, Jakob Cecil Hafsteinsson

Til kynningar:

- Byrjað er að auglýsa öryggisfulltrúa námskeið dagsetning fyrir seinni hluta er ekki komin
- Rafræn skírteini - Búið er að hanna rafræn skírteini fyrir stjórn og fjölmiðla sem hægt er að hafa í símanum.



- FIA Immersion - Búið er að senda tölvupóst til stjórnar um þetta verkefni.

Næsti fundur verður 14 maí 19:30 vinnufundur

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 20:49